


Setja upp afsláttarreglu í SalesCloud

Síðast uppfært 22/09/2026 2:21 pm BST

Það er hægt að setja upp reglur í SalesCloud sem setur upp skilyrði fyrir breytti verði á ákveðnum vörum, skilyrðin geta verið ákveðinn tími eða mögulega tag í kerfinu. Hér eru þau skref sem þarf að fylgja til að setja upp afsláttarreglu :

1. Skráðu þig inn á **admin.salescloud.is**.
2. Farðu í **POS → Discount rules**.
3. Smelltu á **+ Add discount** efst á síðunni.
4. Í **Admin Title** skaltu gefa afslættinum lýsandi heiti. Þetta heiti er ætlað til að auðvelda þér að þekkja afsláttarregluna í kerfinu.
5. Þegar þú hefur sett inn **Admin Title** birtist **Machine name** fyrir neðan reitinn. Smelltu á **Edit** til að breyta því.
- 6.



Admin title *

Test

Machine name: discount_test Edit

Athugaðu að engar tvær afsláttarreglur mega hafa sama **Machine name**.

Dæmi: discount_happyhour

7. Gefðu afslættinum **Name**. Þetta er heitið sem viðskiptavinurinn sér.
8. Láttu **Sort order** vera óbreytt.
9. Undir **Discount type** velur þú **Product discount**.
10. Undir **Order discount conditions** getur þú valið mismunandi skilyrði fyrir afsláttinn. Algengustu skilyrðin eru **Is POS**, **Day of the Week** og **Between Hours**.

Í boði eru eftirfarandi skilyrði:

- User
- Product(s)
- Product type
- Product attributes

- **Is POS**
- **Day of the Week**
- Item title
- Three for two
- Order as tag
- **Between Hours**
- Department
- Category
- Quantity
- Unit quantity
- Unit quantities

1. Undir **Apply to** velur þú **Is POS**. Smelltu síðan á **Attach and condition** og veldu þau skilyrði sem eiga að gilda fyrir afsláttinn.

Afsláttur af ákveðnum vörum:

Ef afslátturinn á aðeins að gilda fyrir ákveðnar vörur velur þú **Product(s)** og skilgreinir vöruna í reitnum sem birtist.

Athugaðu að ef fleiri en ein vara er sett í sömu reglu þarf pöntunin að innihalda **allar vöurnar** til þess að afslátturinn virki. Því er mælt með að búa til eina reglu fyrir hverja vöru.

Afsláttur á ákveðnum vikudögum:

Ef afslátturinn á aðeins að gilda á ákveðnum vikudögum, til dæmis alla þriðjudaga, velur þú **Day of the Week** og hakar við þá daga sem afslátturinn á að gilda.

Afsláttur á ákveðnum tíma dags:

Ef afslátturinn á aðeins að gilda á ákveðnum tíma, til dæmis Happy Hour frá kl. 16:00–18:00, velur þú **Between Hours** og skilgreinir tímabilið.

Athugaðu að aðeins er hægt að velja heila klukkutíma, til dæmis **13:00–15:00**.

1. Þegar þú hefur skilgreint öll skilyrðin velur þú **Offer type**. Þar getur þú valið:

- **kr.** – föst afsláttarupphæð
- **%** – prósentuafslátt

2. Ef þú velur **% off**, slærðu inn prósentuna sem á að veita í afslátt. Til dæmis slærðu inn **20** fyrir **20% afslátt**.

3. Neðst á síðunni getur þú valið hvort afsláttarreglan megi virka samhliða öðrum afsláttum.

4. Að lokum smellir þú á **SAVE DISCOUNT** til að vista afsláttarregluna.

Ath! Þessar reglur virka bara fyrir sölurkerfið á staðnum en hafa ekki áhrif á netsölu eða eTags.
